

40. fundur

4. sept 2013 Hverfisnefnd Brekku- og innbæjar.

Mættir, Jens, Simmi, Elín, Kata og Humi sem ritaði fundargerð.

1. Ákvörðun skipulagsnefndar frá 163. fundi mál nr. 2012100063 Hamarstígur – biðskyldur á hliðargötur.  
Farið yfir málið og gögn sem bárust frá nefndarmönnum sem notuð voru sem rökstuðningur við ákvörðunina.  
Fyrsta spurning sem vaknar er, hver tilkynningarskilda bæjaryfirvalda vegna svo stórs umferðarskipulags innan hverfisins?  
Það kemur fram í samþykkt frá apríl síðastliðnum um hverfisnefndir að “Skipulagsdeild tilkynnir viðkomandi hverfisnefnd um þær skipulagstillögur sem eru til auglýsingar og varða hverfið.”  
Þessi ákvörðun skipulagsnefndar hefur væntanlega verið send sýslumanni um ósk á staðfestingu ákvörðun skipulagsnefndar sem sýslumaður auglýsir svo til að ákvörðunin öðlist gildi. Nefndin veltir því fyrir sér á hvaða tímapunkti sé henni gerð grein fyrir þessari umferðarskipulagstillögu?

Varðandi ákvörðunina sjálfa hefur nefndin þetta um málið að segja: Nefndin telur að þessi ákvörðun geti leitt til aukins hraða í götunni, sérstaklega þar sem íbúar nota kaflann til að stytta sér leið í gegnum hverfið. Þau rök að efrihluti Hamarstígs sé með biðskyldur á hliðargötur og þess vegna sé gott að setja þær upp á neðri hlutann til samræmingar kaupir nefndin ekki. Efri hluti Hamarstígs er allt annars eðlis bæði er gatan mun breiðari og örugglega með mun meira umferðarmagn sem og hefur sá hluti þjónað sem strætóleið í gegnum árin og allsstaðar sem strætó fer um bæinn ekur hann eftir götum með forgangi frá hliðargötum. Þau rök að ökumenn virða ekki hægri réttinn og þess vegna sé sett upp biðskyldur eru ekki góð, eigum við að hækka umferðarhraða á þeim götum þar sem hann er ekki virtur? Sú leið sem Akureyrarbær hefur farið í gegnum árin og varða umferðarrétt á Akureyri teljum við góða og draga úr hraða innan íbúðahverfana. Hægri rétturinn er ríkjandi innan allra íbúðahverfa á Akureyri og teljum við það afturför ef það á að fækka þeim stöðum þar sem hægri rétturinn er til staðar.  
Samkvæmt slysaskráningu hjá umferðarstofu hafa verið 2 árekstrar á kaflanum á árunum 2006-2013 hvorugur þeirra vegna þessa að hægri réttur var ekki virkur heldur var ekið á kyrstæða bíla (mögulega einhver að stytta sér leið í gegnum hverfið að vetri til).  
Hverfisnefndin vonar þess eindregið að skipulagsnefnd hætti við þessa breytingu.

2. Farið yfir stöðu leiksvæðisins í Helgamagrastræti, þær upplýsingar fengust frá framkvæmdamiðstöð að tækin séu samsett og verða sett niður um/uppúr miðjum September og nefndin og íbúar geta þökulagt svæðið í framhaldinu. Endurgerð Leiruvallar gengur einnig vel og lýkur í September.

3. Eins og fram kom í 1. lið þá veltir nefndi fyrir sér með tilkynningarskildu bæjaryfiralda, þar sem búið er að auglýsa skipulagslýsingu fyrir miðbæinn.